

13. febrúar 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

EFNI: Athugasemdir vegna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar um breytingu á þingsályktun nr. 13/141 (áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og frávísunartillögu minnihluta atvinnuveganefndar – 244. mál, 144. löggjafarþing.

INNGANGUR

Þann 5. nóvember 2014 skilaði stjórn Landverndar inn athugasemdum við mál 244, tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141 (Hvammsvirkjun). Stjórn samtakanna hefur kynnt sér breytingatillögu meirihluta atvinnuveganefndar við mál 244 og frávísunartillögu minnihluta nefndarinnar.

Stjórn Landverndar lýsir sig algerlega mótfallna tillögu meirihluta atvinnuveganefndar og tekur undir frávísunartillögu minnihlutans. Stjórn Landverndar fer fram á að Alþingi falli frá máli 244 og sendi allar virkjanahugmyndir sem þar er lagt til að verði færðar í orkunýtingarflokk til umfjöllunar verkefnisstjórnar og faghópa í 3. áfanga rammaáætlunar. Einungis er eitt ár þangað til niðurstöður 3. áfanga liggja fyrir og tvö ár þangað til ný þingsályktunartillaga verður samþykkt á Alþingi, gangi áætlanir eftir. Aðeins með þessum hætti má fá raunverulegan samanburð virkjanahugmynda til grundvallar flokkunar þeirra. Kjósi Alþingismenn að fara að tillögu Landverndar verður skapaður meiri friður um rammaáætlunarferlið og virkjanamál á Íslandi og tryggt að bæði málsmeðferðarreglum laga nr. 48/2011 og almennri skynsemi sé fylgt.

Landvernd útbjó vettvang fyrir almenning til að koma skoðun sinni á framfæri við Alþingismenn vegna breytingatillagna meirihluta atvinnuveganefndar. Það fól í sér að fólk gat skrifað undir áskorun til þingmanna um að samþykkja ekki tillöguna. Áskorunin var send í tölvupósthólf allra þingmanna í einn sólarhring og fengu þingmenn sendar tæpar eitt þúsund áskoranir með þessum hætti. Alls hafa tæp 2250 manns skorað á þingmenn, en Landvernd hefur safnað saman nöfnum þeirra og mun koma þeim til nefndarmanna. Áskorunina er að finna í viðauka I í þessari umsögn og skoðast sem hluti umsagnarinnar.

LAGALEG RÖK GEGN TILFÆRSLUM

1. Gerð er alvarleg athugasemd við það verklag sem viðhaft hefur verið við flokkun virkjanahugmynda í því ferli sem unnið hefur verið eftir í þessu máli. Á það bæði við flokkun Hvammsvirkjunar í nýtingarflokk, en þó sérstaklega breytingatillögu meirihluta atvinnuveganefndar sem nú er komin fram. Stjórn Landverndar bendir á að óvíst sé að tillagan standist málsmeðferðarreglur 10. gr. laga nr. 48/2011 um vernd og orkunýtingu landsvæða og 9. gr. um verksvið verkefnisstjórnar og hlutverk faghópa hennar.
2. Aðferðafræði rammaáætlunar gerir ráð fyrir því að verðmæti svæða séu metin og jafnframt áhrif virkjana á þau svæði. Þá skulu faghópar „meta þá [virkjunarkosti] með stigagjöf og ger[a] tillögur til verkefnisstjórnar“, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um

verndar- og orkunýtingaráætlun. Í endurskoðun verkefnisstjórnar á röðun virkjana í neðrihluta Þjórsár var engri stigagiöf eða samanburði virkjunarkosta beitt, sem tillögur verkefnisstjórnar byggja á. Þá hafa Hagavatnsvirkjun og Skrokkölduvirkjun ekki verið metnar með neinum hætti af verkefnisstjórn 3. áfanga RÁ.

3. Landvernd kom þessari ábendingu einnig á framfæri við verkefnisstjórn rammaáætlunar í umsögn sinni þann 19. mars 2014, en engan efnislegan rökstuðning er að finna í afgreiðslu verkefnisstjórnar á þessari athugasemd. Í greinargerð verkefnisstjórnar frá 21. mars sl. segir einungis um þetta atriði: „*Verkefnisstjórn hefur í starfi sínu leitast við að fara í einu og öllu að fyrirmælum í lögum og í erindisbréfi verkefnisstjórnarinnar.*“ Landvernd telur að þessari athugasemd sinni hafi ekki verið svarað efnislega og athugasemd samtakanna standi því óhögguð hvað varðar virkjanahugmyndir í neðrihluta Þjórsár.
4. Áhugavert er að þrátt fyrir þessa afgreiðslu verkefnisstjórnar á athugasemd Landverndar frá 19. mars sl. tekur hún í raun í flestum atriðum undir þessa sömu athugasemd í lokaorðum greinargerðar sinnar. Landvernd tekur auðvitað undir þessi orð verkefnisstjórnar:

*„Til að unnt sé að beita þessari aðferðafræði þarf nokkur fjöldi virkjunarkosta að vera til umfjöllunar samtímis og ekki er leyfilegt að framkvæma matið fyrr en nægjanleg gögn liggja fyrir varðandi þá virkjunarkosti sem til umfjöllunar eru. Aðferðafræðin gefur ekki möguleika á að framkvæma mat á stökum virkjunarkosti eða mjög fáum virkjunarkostum, **enda er þá ekki hægt að framkvæma marktækan samanburð á milli kosta.** Mat á því hvort áhrif einstakra virkjunarkosta á umhverfi og samfélag séu ásættanleg fer hins vegar fram sem hluti af mati á umhverfisáhrifum framkvæmda í samræmi við lög nr. 106/2000. **Verkefnisstjórn leggur áherslu á að þau verkefni sem henni eru falin á hverjum tíma séu þess eðlis að unnt sé að fjalla um þau á faglegan hátt eins og kveðið er á um í lögum nr. 48/2011.**“ [leturbreytingar eru Landverndar]*

5. Í 10. gr. laganna er fjallað um málsmeðferðarreglur. Þær eru útlistaðar nokkuð nákvæmlega, sennilega til að ferlið sé sem gagnsæjast, enda mikið verið deilt um virkjanamál á undanförunum áratugum. Í 1. mgr. segir: „*Verkefnisstjórn byggir faglegt mat sitt á upplýsingum sem fyrir liggja um þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætlun og beitir við það samræmdum viðmiðum og almennt viðurkenndum aðferðum. Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu.*“ Bent er á að það er því verkefnisstjórnar að byggja faglegt mat sitt á þeim upplýsingum sem fyrir liggja, og þar sem vinna faghópa er lögð til grundvallar mati verkefnisstjórnar. Af þessum sökum fer meirihluti atvinnuveganefndar gegn málsmeðferðarreglum 10. gr. laganna. Að mati Landverndar getur því atvinnuveganefnd ekki fært fjóra kosti til viðbótar í orkunýtingarflokk eins og breytingartillagan gerir ráð fyrir. Þetta á auðvitað enn fremur við um Hagavatnsvirkjun og Skrokkölduvirkjun sem ekki hafa verið teknir fyrir af verkefnisstjórn 3. áfanga RÁ. Hagavatnsvirkjun er svo enn sér á báti fyrir það að upplýsingar vantaði til að hægt væri að flokka hana í 2. áfanga RÁ. Það hefur ekki breyst og þaðan af síður hefur verkefnisstjórn metið þessa hugmynd í 3. áfanga, ekkert frekar en Skrokkölduvirkjun.
6. Lögboðið samráð verkefnisstjórnar við almenning um Hagavatnsvirkjun og Skrokkölduvirkjun, samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011, hefur ekki farið fram í 3. áfanga, en þar segir: „*Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta...Hún skal leita samráðs við almenning og umsagna*

um drögin hjá viðeigandi stofnunum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og hagsmunaaðilum.“ Að þessu loknu tekur verkefnastjórn afstöðu til fyrirbyggjandi virkjanaáforma og kynnir tillögur að verndar- og orkunýtingaráætlun sem allir skulu hafa kost á að gera athugasemdir við í 12 vikna umsagnaferli. Þetta ferli hefur verið brotið í meðförum atvinnuveganefndar á virkjanahugmyndunum Hagavatnsvirkjun og Skrokkölduvirkjun, því þær hafa ekki gengið í gegnum þennan feril hjá verkefnisstjórn 3. áfanga RÁ.

7. Af ofangreindu dregur Landvernd því stórlega í efa lögmæti beirrar málsmeðferðar sem meirihluti atvinnuveganefndar beitir í þessu máli. Í ljósi alvarleika þess að grípa með þessum hætti inn í eðlilega og skynsamlega málsmeðferð og í ljósi fyrri athugasemda samtakanna, fer Landvernd fram á það að allar fimm virkjanahugmyndirnar verði settar aftur inn í vinnu verkefnisstjórnar 3. áfanga RÁ. Samþykkt þingsályktunar sem væri lögleysa væri ómerkur gjörningur.

UMFJÖLLUN UM EINSTAKA VIRKJANAHUGMYNDR

Hagavatnsvirkjun

8. Stjórn Landverndar gerir alvarlegar athugasemdir við að færa eigi Hagavatnsvirkjun úr biðflokki í orkunýtingarflokk með breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar. Hér að framan er rakið hvernig það stenst ekki málsmeðferðarreglur laga nr. 48/2011. Hér að neðan er samantekt á náttúrufarslegu mikilvægi svæðisins og færð fram rök gegn þeirri mytu að virkjun á svæðinu muni draga úr eða stöðva sandfok.
9. Hagavatnsvirkjun er lítil, 20MW, vatnsaflsvirkjun sem fæst með stíflun Hagavatns sunnan Langjökuls. Hagavatn minnkaði um a.m.k. tvo þriðju í jökulhlaupum á síðustu öld og við það opnuðust stór svæði sem úr fýkur jökulleir og sandur. Í grein á netsíðu sinni lýsir Ólafur Arnalds, prófessor í jarðvegsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands, Hagavatnssvæðinu sem einu virkasta uppfokssvæði á landinu¹. Þar f auk áður mikið úr núverandi vatnsborði Hagavatns, sem áður var þó miklu stærra til vestur (Sandvatn hið forna). Vestan við Hagavatn renna nú jökullænur á leirum til austurs út í vatnið. Frá þessum leirum er nú virkasta uppfokið. Landið er flatt sem veldur því að læurnar flæmast vítt um landið. Sandburður berst meira en 16 km leið og uppfoks gætir mun víðar, og gæti stundum verið yfir heilsufarsmörkum, en samkvæmt Ólafi skortir mjög á rannsóknir á þessum þáttum.
10. Landgræðsla ríkisins hefur talið að stífla geti heft frekara sandfok, ef lónið verði ekki notað sem miðlunarlón þannig að yfirborðssveiflu gæti að ráði². Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á að verði Hagavatn notað sem miðlunarlón muni leirfok úr botninum aukast seinni part vetrar og fyrri part sumars þegar vatnsborð hefur lækkað vegna miðlunar. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að vatnsmiðlun í Hagavatni geti hugsanlega aukið þann uppfoksvanda sem við er að glíma á svæðinu³ og í sama streng hefur Ólafur Arnalds tekið^{1,4}.

¹ <http://www.moldin.net/blogg---blog>.

² Hákon Aðalsteinsson og Elín Smáradóttir, (2006). *Umsókn um rannsóknarleyfi vegna Hagavatnsvirkjunar*. Tilvisun: 2006050016, Orkustofnun: Reykjavík.

³ Náttúrufræðistofnun, (2006). *Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við umsókn OR um rannsóknarleyfi við Hagavatn vegna Hagavatnsvirkjunar*.

⁴ <http://www.ruv.is/frett/hagavatnsvirkjun-varhugaverd>.

11. Í lýsingu virkjanahugmyndarinnar í gögnum frá Orkustofnun⁵ kemur fram að gert er ráð fyrir fimm metra vatnsborðssveiflu, sem er mjög mikið á hinu marflata landi sem þarna er. Sandflæmi yrðu þannig ýmist á þurru eða undir vatni. Uppfok getur verið afar mikið við slíkar aðstæður og jafnvel mun meira en nú er til staðar á svæðinu. Samkvæmt mati Ólafs Arnalds geta breytingar á vatnsborði Hagavatns haft gríðarlega mikil áhrif á svæðið og aðeins örlítill vatnsborðslækkun á hugsanlegu lóni að vetri eða vori stóraukið hættu á foki. Því geti örlítill miðlun verið ávísun á meiri vandræði, meira uppfok o.s.frv. en nú er á svæðinu. Þannig myndu jökullæurnar sem nú renna í Hagavatn trúlega fljótt mynda aurkeilu út í vatnsborðið og þar geti því skapast veruleg fokvandræði, en með tímanum gæti fokið aukist eftir því sem aurkeilan lengist. Þá gæti fokið hugsanlega færst að hluta til meira vestur fyrir Þórólfsfell og Hlöðufell, en land er að gróa upp vestan Hlöðufells. Ef þetta gengi eftir gæti tjón orðið meira en ef ekkert er gert. Ólafur telur „fráleitt að taka nokkra ákvörðun um hugsanlega virkjun á Hagavatnssvæðinu fyrr en allar forsendur liggja fyrir“, og „það ger[i] þær ekki núna“¹.
12. Náttúrufræðistofnun hefur einnig unnið að jarðfræðirannsóknum á svæðinu á undanförunum árum og í umsögn stofnunarinnar kemur fram að við Farið sé „eitt af bestu sniðum á landinu til að rannsaka neðri og innri hluta móbergshryggja“. „Hlifa þarf þessum stað“, segir í umsögninni⁶.
13. Breytingar á vatnsborði Hagavatns munu valda því að Nýifoss í Farinu hverfur ásamt öllu svæðinu umhverfis hann sem af vísindamönnum er talið vera einstakur vettvangur til að skoða sibreytileika náttúrunnar. Víðernisásýnd svæðisins, ásamt nálægð við höfuðborgarsvæðið, eykur gildi svæðisins fyrir ferðamennsku en svæðið er vinsælt útivistarsvæði. Ferðafélag Íslands hefur um margra áratuga skeið rekið fjallaskála við Jarlhettur, einstaka móbergshryggi, á fyrirhuguðu áhrifasvæði virkjunarinnar. Svæðið laðar til sín ferðamenn sem vilja njóta stórbrotinnar náttúru, jarðsögu, útiveru og ævintýra í lítt snortinni náttúru⁷. Með stíflu og virkjun Hagavatns yrði gripið inn í eitt stórbrotnasta landmótunarferli Langjökuls en svæðið er eins og opin og auðlesin jarðfræðibók.

Skrokkölduvirkjun

14. Stíflumannvirki voru byggð á Hágöngusvæðinu árið 1998 til að mynda miðlunarlón fyrir virkjanirnar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Við það fóru 37 km² af fögru landsvæði undir vatn, þar á meðal jarðhitasvæði. Þá var vegslóði lagður í Sveðjuhrauni og boruð þar djúp hola í tilraunaskyni í tengslum við hugmyndir um jarðvarmavirkjun (Hágönguvirkjanir). Í 2. áfanga rammaáætlunar kemur fram sú almenna viðmiðunarregla að jafnan sé betra að virkja á þeim svæðum sem þegar hefur verið raskað heldur en á óröskuðum svæðum og mun þetta m.a. hafa leitt til þess að Hágöngur og Skrokkalda rötudu í virkjunarflokk. Hinsvegar var ekki tekið tillit til þess hve nálægt Vatnajökulsþjóðgarði þessar virkjanahugmyndir eru, en ábendingar um það í umsagnaferli varð einmitt til þess að umhverfis- og auðlindaráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra færðu þessar tillögur úr orkunýtingarflokki í biðflokk þar til frekar

⁵ <http://os.is/gogn/Rammaaetlun/2015-01-20/Kafla-6-37-R3139A-Hagavatnsvirkjun.pdf>.

⁶ Snorri Baldursson, (2006). *Varðandi umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um rannsóknarleyfi við Hagavatn og Hagavatnsvirkjun*, Náttúrufræðistofnun Íslands: Reykjavík.

⁷ Rannveig Olafsdóttir og Kristín Rut Kristjánsdóttir, (2008). *Áhrif uppistöðulóns og virkjunar við Hagavatn á ferðamennsku og útivist*, Ferðamálaasetur Íslands.

upplýsingar lægju fyrir um áhrif virkjananna á þjóðgarðinn. Þá var heldur ekki horft til þess að virkjanahugmyndirnar eru í hjarta miðhálandisins og hefðu því afgerandi áhrif á upplifun ferðafólks og ásýnd hálandisins.

15. Þrátt fyrir byggingu Hágöngustíflu og skemmdir sem unnar voru á jarðhitasvæðum í lónstæðinu eru sýnileg áhrif vegna þessara mannvirkja með minnsta móti. Kemur þar m.a. til að ekki var byggður upp vegur frá Sprengisandsleið að stíflumannvirkjunum eins og til stóð. Í staðinn var notast meira eða minna við gamalt vegstæði og mættu fleiri virkjanaðilar taka sér þetta til fyrirmyndar. Hugmyndir um virkjanir við Skrokköldu og Hágöngur gera þó ráð fyrir uppbyggðum vegum⁸, sem hafa myndu neikvæð áhrif á hljóðvist, upplifun ferðamanna, sjónræna þætti og ásýnd og ímynd miðhálandisins.
16. Líkt og Háslón, Ufsarlón og Kelduárlón myndu virkjanir við Hágöngur og Skrokköldu þrengja enn frekar að Vatnajökulsþjóðgarði og rýra gildi hans. Ef Hágöngulón hefði ekki verið komið fyrir stofnun þjóðgarðsins hefðu eðlileg mörk hans verið vestan við Hágöngur. Skrokkölduvirkjun (og Hágönguvirkjun) á miðhálandi Íslands eru dæmi um virkjanir sem myndu skerða gríðarlega stór og dýrmæt víðerni miðhálandisins vestan Vatnajökuls og skiptir engu hvort þær eru einar og sér eða báðar saman.
17. Skrokkölduvirkjun er áætluð 45MW í nýjstu gögnum frá Orkustofnun⁹ og skiptir sem slík ekki sköpum fyrir orkubúskap landsins. Þrátt fyrir að stór hluti mannvirkja yrði neðanjarðar, þá brjóta þau mannvirki sem sjást munu upp ásýnd miðhálandisins sem lítt snortins svæðis þar sem áhrifa mannanna gætir lítið. Virkjanahugmyndin er á Sprengisandsleið suðvestan Nýjadals. Það fara því margir ferðamenn um þetta svæði. Þess vegna er brýnt að mata Landverndar að hlífa þessu svæði við virkjunum.

Virkjanir í neðrihluta Þjórsár

18. Landvernd benti á í umsögn sinni þann 5. nóvember 2014 að í afgreiðslu verkefnisstjórnar 3. áfanga RÁ á virkjanahugmyndum í neðrihluta Þjórsár hafi verkefnisstjórnin ekki tekið efnislega afstöðu til nærri því allra athugasemda eins og glögglega má sjá af greinargerð hennar. Þessi galli á meðferð verkefnisstjórnarinnar stendur enn.
19. Það er niðurstaða Landverndar að ekki beri að breyta flokkun Hvammsvirkjunar, heldur eigi hún að haldast áfram í biðflokki. Landvernd telur að flokkunin kunni að stangast á við lög nr. 48/2011, þar eð stigagjöf og samanburður fór ekki fram eins og löggin gera ráð fyrir að fari fram, sbr. 9. gr. laganna. Einnig telur Landvernd að Hvammsvirkjun og Holtavirkjun eigi báðar að haldast í biðflokki.
20. Landvernd gagnrýnir harðlega þröngt og leiðandi erindisbréf verkefnisstjórnar til tímabundins faghóps náttúrufræðinga vegna áhrifa virkjananna þriggja á laxfiska í Þjórsá. Í erindisbréfi faghópsins er hlutverki hópsins lýst á eftirfarandi hátt:

„Eina verkefni faghópsins felst í því að meta hvort fyrirliggjandi upplýsingar um áhrif virkjananna þriggja á laxfiska í Þjórsá hafi dregið nægjanlega mikið úr þeirri óvissu, sem leiddi til þess að virkjunarkostirnir voru færðir úr nýtingarflokki í biðflokk við

⁸ Steinsholt sf. 2013. *Sprengisandur. Vegir, háspennulinur og virkjanir. Forathugun á Holtamannaafretti*. Steinsholt sf.

⁹ <http://os.is/gogn/Rammaaetlun/2015-01-20/Kafla-6-25-R3126A-Skrokkolduvirkjun.pdf>.

endanlega afgreiðslu á tillögum verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar, til þess að unnt sé að raða einhverjum þeirra eða öllum í nýtingarflokk á nýjan leik." (leturbreytingar eru Landverndar).

21. Hér er faghópnum ekki ætlað að meta hvort nægilega hafi dregið úr óvissu til að meta áhrif virkjananna á náttúruna (laxfiska í þessu tilfalli), heldur á það hvort dregið hafi það mikið úr óvissu að hægt sé að færa hugmyndirnar beint aftur í nýtingarflokk. Ástæða þess að hugmyndirnar enduðu í biðflokki voru að óvissa um áhrif virkjana á laxfiskastofna Þjórsár voru talin óviðundandi. Það hlýtur að þýða að þegar dregið hefur úr óvissu megi meta hvort hugmyndin fari í verndarflokk eða nýtingarflokk. Eins og þetta er sett upp fyrir faghópin, þá er líkt og honum sé einvörðungu gert kleift að halda virkjunarhugmyndum í biðflokki eða mæla með því að þær fari í nýtingarflokk. Það er skilningur Landverndar að ef dregið hefur úr óvissu þannig að virkjunarhugmynd sé tæk í mat, þá eigi slíkt mat að fara fram ásamt öðrum virkjunarhugmyndum, þar sem hugmyndir eru bornar saman líkt og gert var í 2. áfanga RÁ.
22. Verkefnisstjórn afgreiðir þessa athugasemd Landverndar í greinargerð sinni frá 21. mars sl. með eftirfarandi hætti:

„Verkefni verkefnisstjórnar 3. áfanga var í þessu tilviki að kanna hvort dregið hefði úr þessari óvissu að því marki að hægt væri að flokka virkjunarkostina í endanlegan flokk, þ.e. annað hvort í verndarflokk eða orkunýtingarflokk. Í erindisbréfinu var faghópurinn því beðinn um að leggja mat á það hvort framkomin gögn hefðu dregið nægilega úr óvissunni.“ [leturbreytingar Landverndar]

Hér gætir missögu af hálfu verkefnisstjórnar því eins og sést á tilvitnun í erindisbréf faghóps þá var eingöngu talað um breytingar sem gætu leitt til endurröðunar í nýtingarflokk. Landvernd telur því enn ástæðu til að draga fram þessa athugasemd.

23. Stjórn Landverndar telur að faghópur um laxfiska hafi rökstutt með ágætum flokkun Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar. Faghópurinn rökstyður mat sitt með því að tíunda hvar óvissa ríkir enn, hvar rannsóknir og upplýsingar skortir, og hvernig mótvægisáðgerðir eru líklegar til að hafa áhrif á niðurstöðuna. Einnig er víða vikið að óvissu um árangur mótvægisáðgerða, sem að mati Landverndar hlýtur að vega þungt við endanlegt mat.
24. Stjórn Landverndar telur að flokkun Hvammsvirkjunar í nýtingarflokk sé ekki byggð á sterkum, efnislegum rökum og leggur til að beðið verði með að flokka virkjunarhugmyndina þangað til aðrar hugmyndir verða teknar fyrir í 3. áfanga RA. Þessu til rökstuðnings má nefna:
- a. Enn vantar rannsóknir á samfélagslegum áhrifum Hvammsvirkjunar (og hinna tveggja). Þetta er ekki síst mikilvægt atriði þegar kemur að áhrifum virkjana í byggð. Á meðan samfélagslegar rannsóknir liggja ekki fyrir, er ekki ásættanlegt að flokka neinar þessara þriggja virkjunarhugmynda í nýtingarflokk.
 - b. Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við rökstuðning faghóps um laxfiska á flokkun Hvammsvirkjunar:
 - i. Rökstuðningur virðist einvörðungu byggður á því að virkjunin hafi fyrst og fremst áhrif utan náttúrulegs útbreiðslusvæðis göngufiska. Það eitt og sér telur stjórn Landverndar ekki nægileg rök til þess að flokka

- Hvammsvirkjun í nýtingarflokk, ekki síst þegar tekið er tillit annarra þátta sem verða raktir hér á eftir, m.a. staðbundinna laxfiskastofna.
- ii. Mikið ósamræmi er í umfjöllun um óvissu tengda Hvammsvirkjun samanborið við Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Þannig leggur faghópurinn ekki mat á uppfærðar formlegar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar (bréf LV 31.10.13, bls. 12) fyrir Hvammsvirkjun. Ekkert er sagt um óvissu tengda mótvægisáðgerðunum, líkt og gert er fyrir Holtavirkjun þar sem faghópurinn segir: „Við teljum að formleg tillaga LV [Landsvirkjunar] að mótvægisáðgerðum...sé í rétta átt, en dragi ekki úr óvissu“. Hver er óvissan tengd Hvammsvirkjun? Hvers vegna er þeirri spurningu ekki svarað? Þá er ekkert rætt um rannsóknarpörf á svæði Hvammsvirkjunar, líkt og gert er fyrir hinar tvær virkjanahugmyndirnar.
 - iii. Þá virðist það mat faghópsins sem fram kemur í umfjöllun hans um almenn atriði (bls. 4 í skýrslu faghóps) að hann hafi áhyggjur af lítilli þekkingu á göngu- og staðbundnum stofnum urriða og bleikju í Þjórsá ekki hafa nein áhrif á röðun hans á Hvammsvirkjun. Einnig kemur þar fram að faghópurinn telji nauðsylegt að formlegar mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar vegna virkjananna þriggja þurfi að vera mun ítarlegri og hver áðgerð sérstaklega rökstudd í greinargerð um framkvæmd með tilvísun í viðeigandi rannsóknargögn og heimildir. Ennfremur telur faghópurinn að áætlun um vöktun fiskistofna Þjórsár þurfi að vera skýrari og að skipulega viðbragðsáætlun vanti ef einhver mótvægisáðgerða reynist illa eða mistekst. Þrátt fyrir þetta flokkar faghópurinn Hvammsvirkjun í nýtingu en hinar í biðflokk. Hvers vegna er ekki gerður efnislegur rökstuðningur fyrir því að flokka Hvammsvirkjun í nýtingarflokk og ofangreind atriði greind fyrir Hvammsvirkjun? Rökstuðningur fyrir flokkun Hvammsvirkjunar heldur því tæpast vatni.
 - iv. Meginástæða þess að faghópurinn flokkar Hvammsvirkjun í nýtingarflokk, byggir því ekki á því að óvissu hafi verið eytt um áhrif mótvægisáðgerða, eða að nægar rannsóknaniðurstöður liggi fyrir, heldur á því að svæðið sé ekki á náttúrulegu útbreiðslusvæði göngufiska.
 - v. Aukinheldur, þá er flokkun Hvammsvirkjunar réttlætt með því að virkjunin sé mikilvæg tilraun sem muni varpa ljósi á ýmis óvissuatriði varðandi möguleg áhrif Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar, ekki síst þegar kemur að mótvægisáðgerðum. Stjórn Landverndar telur það ekki samræmast hlutverki faghópsins og verkefnisstjórnar að byggja ákvörðun um flokkun virkjunarhugmynda á því hvort hún muni varpa skýrara ljósi á áhrif annarra virkjunarhugmynda á lífríki. Þá er óvíst að þetta samræmist hreinlega lögum nr. 48/2011 en í 1. mgr. 10. gr. laganna er verkefnisstjórn gert að byggja „faglegt mat sitt á upplýsingum sem fyrir liggja um þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætlun“. Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laganna skal í verndar- og orkunýtingaráætlun: „...í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar“. Ekkert er nefnt um að verkefnisstjórn geti byggt flokkun sína á því að virkjunarhugmynd henti vel sem tilraunaverkefni sem varpað geti skýrari ljósi á áhrif annarra virkjana á lífríki.
 - vi. Þá gerir stjórn Landverndar alvarlegar athugasemdir við að verkefnisstjórn skuli ekki gera betur grein fyrir flokkun sinni á Hvammsvirkjun í ljósi ofangreinds.

25. Stjórn Landverndar tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í bókun Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, fulltrúa umhverfis- og auðlindarráðuneytis í verkefnisstjórn í afgreiðslu stjórnarinnar á flokkun virkjanahugmynda í neðrihluta Þjórsá frá 21. mars 2014:
- a. Þar vísar Þóra Ellen til þriðja liðar í upptalingu á atriðum sem þurfa að liggja fyrir til að hægt verði að taka afstöðu til Holtavirkjunar, en samkvæmt þeim er nægjanlegt að skilgreina hvaða viðbótarrannsóknir þurfi að fara fram á búsvæðum laxfiska. Hins vegar þurfa niðurstöður rannsókna, samkvæmt þessu, ekki að liggja fyrir. Með þessu móti væru áhrif framkvæmdanna ekki lögð til grundvallar í röðun virkjunarhygmyndarinnar, sem er grundvallarfrávik frá vinnubrögðum í fyrri tveimur áföngum rammaáætlunar. Þetta myndi þýða að hægt væri að færa Holtavirkjun úr biðflokk í nýtingarflokk án þess að taka tillit til stærstu og afdrifaríkustu umhverfisáhrifanna. Stjórn Landverndar telur þetta með öllu óásættanlegt og krefst þess að þessu atriði verði breytt.
 - b. Stjórn Landverndar tekur einnig undir áhyggjur Þóru Ellenar í bókun hennar er varðar það hvort taka eigi mótvægisáðgerðir inn í mat faghópa eður ei. Slíkt er verulegum annmörkum háð, bæði vegna þess að mótvægisáðgerðum hefur ekki verið lýst fyrir margar virkjanahugmyndir og auk þess fylgir því mikil óvissa hvaða áhrif þær munu raunverulega hafa í að draga úr umhverfisáhrifum virkjana. Ef mótvægisáðgerðir verða teknar með í mati á virkjanahugmyndum, þá verður alltaf ósamræmi á milli virkjanahugmynda vegna ofangreindra ástæðna.

Fyrir hönd Landverndar,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar.

VIÐAUKI I. Áskorun til Alþingismanna um að hafna breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis. Undir áskorunina skrifuðu rétt tæp 2250 manns.

Kæri Alþingismaður!

Ég skora á þig að hafna nýtilkominni tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um að færa fjórar virkjanahugmyndir úr biðflokki í virkjanaflokk (nýtingarflokk) rammaáætlunar. Tillaga meirihlutans er aðför að lýðræðislegum og faglegum vinnubrögðum sem Alþingi sjálft hefur sett lög og reglur um.

Með tillögunni er gengið þvert gegn anda laganna um rammaáætlun og dregið úr möguleikum á friði um virkjanamál hér á landi. Ef tillagan verður samþykkt þýðir það í raun að þingmenn geta lagt fram hvaða tillögu sem er án faglegrar umfjöllunar sérfræðinga rammaáætlunar. Er það sá ófriður sem þú vilt sjá í kringum virkjanamál á Íslandi?

Ég vil ekki láta geðþóttaákvarðanir ganga frammar faglegum sjónarmiðum. Ég treysti því að þú, þingmaður góður, sért sammála mér um það og hafnir tillögu meirihluta atvinnuveganefndar þegar hún kemur til kasta Alþingis. Í húfi er fimmtán ára faglegt ferli rammaáætlunar og sátt um leikreglur hennar.

Virðingarfyllt

NÁNAR UM VIRKJANAHUGMYNDIR

Hagavatnsvirkjun sunnan Langjökuls myndi valda því að hinn tilkomumikli Nýifoss í Farinu sem rennur úr vatninu myndi hverfa. Með virkjun yrði gripið inn í stórbrotið landmótunarferli við Langjökul sem kennt getur okkur margt um slík ferli á tímum örra loftslagsbreytinga. Aðeins þyrfti örlitla vatnsborðslækkun á hugsanlegu lóni til að stórauka hættu á uppfoki. Gert er ráð fyrir 5 m vatnsborðsveiflu, sem er mjög mikið á hinu marflata landi, þar sem sandflæmi yrðu ýmist á þurru eða undir vatni. Uppfok getur verið geigvænlegt við slíkar aðstæður og jafnvel mun meira en nú er til staðar á svæðinu. Virkjunin er einungis 20 MW (Kárahnjúkar er 690 MW) og því óþarfa áhætta tekin með gerð hennar fyrir litla orku.

Skrokkölduvirkjun er einnig fremur lítil virkjun, einungis um 45MW. Sem slík skiptir hún litlu máli í orkubúskap landsins, sérlega ef miðað er við að hún er staðsett á miðju hálendinu, við Sprengisandsleið suðvestan Nýjadals. Áhrif hennar eru fyrst og fremst

sem mannvirki í hjarta hálendisins. Leggja þarf háspennulínu um 60 km leið, en gert er ráð fyrir að það verði jarðstrengur.

Með virkjununum í neðri hluta Þjórsá, Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjun, er stofnum villts lax og silunga stefnt í hættu. Um er að ræða einn stærsta laxastofn landsins sem hefur aðlagast að lífi í jökulvatni og ber útlit hans vott um slíka aðlögun. Landsvirkjun hefur ekki gert trúverðuga grein fyrir því að mótvægisáðgerðir dugi til að koma í veg fyrir hrun fiskstofna. Sérfræðingar sem hafa kynnt sér málið eru á einu máli um að virkjanir hafi mjög neikvæð áhrif á lífríki árinna og hlunnindum landeigenda er stefnt í voða. Þá hafa samfélagsleg áhrif virkjananna ekki verið metin.